

notum stefnda af lóðinni hefur verið háttað, eru skilyrði hefðar ekki fyrir hendi, sbr. 2. gr. laga nr. 46, 1905.

Samkvæmt framansögu og þar sem stefndi hefur að öðru leyti ekki sannað aukin réttindi til lóðarinnar frá upphaflegum skilmálum, þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina um, að stefndi, Jónas H. Traustason v/dánarbús Guðnýjar Jakobsdóttur, fjarlægji húseignina nr. 21 við Skipagötu á Akureyri af landi því, er hún stendur á. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Jónas H. Traustason, Ásvegi 29, Akureyri, v/dánarbús Guðnýjar Jakobsdóttur, skal fjarlægja húseignina nr. 21 við Skipagötu á Akureyri af landi því, er hún stendur á, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

---

Miðvikudaginn 24. apríl 1985.

Nr. 98/1983. **Verk h/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

**Þorgils Axelssyni**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Höfundaréttur. Skaðabætur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. apríl s.á. samkvæmt 16. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fallast ber á niðurstöðu héraðsdóms með þeim röksemdum, sem þar greinir um höfundarétt stefnda að þeim teikningum, sem málið snýst um. Þessar teikningar hagnýtti áfrýjandi sér með atbeina Sigurðar Sigurðssonar, sem áður hafði unnið að teikningunum í teiknistofu stefnda. Samkvæmt 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972 var þetta óheimilt. Ber því að dæma stefnda skaðabætur úr hendi áfrýjanda eftir 1. mgr. 56. gr. höfundalaga. ekki er ágreiningur um fjárhæðir sérstaklega, þar á meðal vexti.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 14.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Verk h/f, greiði stefnda, Þorgils Axelssyni 14.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. október sl., höfðaði Þorgils Axelsson byggingatæknifræðingur, nnr. 9580-3903, Brekkubýggð 20, Garðabæ, áður til heimilis að Miðbaut 4, Seltjarnarnesi gegn Kjartani Blöndal, nnr. 5598-6207, Sólbraut 1, Seltjarnarnesi, og Verki h.f., Laugavegi 120 Reykjavík, með stefnu, birtri 25. apríl 1980.

Í þinghaldi 5. október sl. féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur Kjartani Blöndal.

*Dómkröfur stefnanda* eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur og/eða vangreidda þóknun og útlagðan kostnað að fjárhæð kr. 21.601,38 með 31% ársvöxtum af kr. 20.245,34 frá 1. apríl 1980 til 1. maí s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í., auka-tekjulögum og reikningum um útlagðan kostnað.

*Dómkröfur stefnda* eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Sættir voru reyndar, en tókust ekki.

*Málavextir, málsástæður og lagarök.*

Krafa stefnanda er á því byggð, að stefndi hafi heimildarlaust notfært sér teikningar að einingahúsum úr steinsteypu, sem teiknaðar hafi verið á Teiknistofunni Kvarða, sem var einkafyrirtæki stefnanda, með því að selja þær viðskiptavinum sínum lítt breyttar.

Á árinu 1975 hafi a.m.k. 6 hús verið byggð eftir þessum teikningum og þá hafi fullt endurgjald fyrir hverja teikningu verið gkr. 362.225.

Stefnandi gerir kröfu til þess að fá greiddan helming þessa gjalds, gkr.  $181.113 \times 6$ , eða samtals gkr. 1.086.678 ásamt vöxtum og kostnaði, en útreikningum hans þar að lútandi verður lýst síðar.

Aðdragandi þessa máls er sá, að á árunum 1968-1969 hófu forráðamenn stefnda undirbúning að verksmiðjuframleiðslu staðlaðra steinsteyptra eininga til notkunar í útveggi einlyftra bygginga. Á árinu 1973 var reist eitt hús úr einingum þessum, sem notað var til að sýna þessa framleiðslu, og fjöldaframleiðsla veggeininga þessara mun hafa hafist á því ári.

Forráðamenn stefnda segja að það hafi verið hugmynd sín frá upphafi, að hverjum, sem það vildi, væri frjálst að teikna hús, sem byggja mætti með þessum hætti, og skyldu þeir fá aðgang að öllum tæknilegum lausnum og upplýsingum, sem stefndi hefði yfir að ráða.

Stefnandi, sem var einkaeigandi Teiknistofunnar Kvarða á þessum tíma, eins og fyrr greinir, var einn þeirra, sem þetta gerði. Kveður stefnandi þetta hafa atvikast þannig, að framkvæmdastjóri stefnda hafi komið til sín og spurt sig að því, hvort hann gæti tekið að sér hönnun húsa úr einingum fyrir væntanlega viðskiptamenn stefnda. Framkvæmdastjóri stefnda, Kjartan Blöndal, segir að vísu, að stefnandi hafi komið til sín og lýst áhuga sínum á því að teikna hús, sem byggja mætti úr veggeiningum stefnda. Þetta misræmi má einu gilda, því að sammæli aðilja er, að stefnandi hafi aldrei beðið um né öðlast einkarétt á því að teikna hús fyrir viðskiptavinum stefnda.

Nokkurt misræmi er og í frásögnum stefnanda og forráðamanna stefnda af því, hve mikið stefnandi vann að lausnum á tæknilegum vandamálum, sem samfara voru þessari byggingaraðferð, en það þykir ekki skipta máli um deilu aðilja, og verður því ekki lýst.

Mál þróuðust þannig, að stefnandi hóf að teikna einingahús og kveðst hafa verið búinn á árinu 1973 að teikna 5-7 gerðir (typur) af húsum og hafi teikningarnar verið tiltækar viðskiptavinum stefnda. Á þessu ári hafi 59 einbýlishús verið teiknuð upp úr þessum gerðum og á árunum 1973-1974 hafi ein gerð húsanna verið teiknuð 70 sinnum. Um hafi verið að ræða allar teikningar, sem húsbyggjanda hafi verið nauðsynlegar, að raflagna-teikningum undanskildum. Verð hvernar teikningar hafi numið helmingi af þeim taxta, sem þá hafi verið í gildi, án tillits til þess, hve oft sama húsið

var teiknað. Stefnandi kveðst á árinu 1974 hafa teiknað fleiri húsagerðir og hafi þá fjöldi þeirra verið orðinn 15-20. Þessar teikningar hafi allar legið frammi hjá stefnda.

Þeir viðskiptavinir stefnda, sem höfðu hug á að byggja hús eftir teikningum stefnanda, snéru sér beint til hans, bæði varðandi breytingar á teikningum og eins greiðslur fyrir þær. Engin bein fjárviðskipti fóru því fram milli stefnanda og stefnda.

Framkvæmdastjóri stefnda á þessum tíma sagði, að vel gæti verið, að stefnandi hefði teiknað 15-20 gerðir af húsum og þær teikningar hafi legið frammi hjá stefnda, en kvaðst þó ekki vita þetta með vissu. Að öðru leyti staðfesti framkvæmdastjórinn, að viðskiptin hefðu farið fram, eins og að framan er lýst.

Framkvæmdastjórinn sagði, að mun fleiri hefðu snúið sér til Teiknistofunnar Kvarða en annarra þeirra, sem teiknuðu einingahús. Framan af hefði samstarf þetta gengið vel, en á síðari hluta árs 1974 hafi heyrst óánægjuraddir frá viðskiptavinum um, að seinagangur væri á afgreiðslu teikninga frá Teiknistofunni Kvarða. Hann hefði rætt þetta við stefnanda og hafi þá verið ákveðið að stefnandi réði sér tæknifræðing, sem hann hefði auglýst eftir, en ekkert hefði út úr því komið.

Framkvæmdastjórinn kvað niðurstöðu forráðamanna stefnda hafa verið þá, að stefndi setti sjálfur á fót teiknistofu, og hafi það verið gert haustið 1974. Á teiknistofunni hafi starfað Sveinn G. Sveinsson verkfræðingur og Sigurður Sigurðsson teiknari, sem áður hafði starfað hjá Teiknistofunni Kvarða.

Stefnandi sagði, að síðla árs 1974 hefði nær tekið fyrir öll viðskipti við teiknistofu sína um teikningar af einingahúsum og þær teikningar, sem í vinnslu hefðu verið, hefuðu ekki verið sóttar. Ýmsir viðskiptavinir hefðu sagt sér, að þeim hefði verið tjáð af forráðamönnum stefnda, að þeir væru sjálfir komnir með teiknistofu og verkfræðing og myndu annast allar teikningar fyrir viðskiptavinum sínum. Stefnandi kvað þó eitthvað hafa verið haldið áfram að teikna einingahús á teiknistofunni fram á vorið 1975, en þá hafi tekið fyrir það. Þetta hafi haft þær afleiðingar fyrir teiknistofuna, sem sérhæft hefði sig í þessum teikningum og varla sinnt öðrum verkefnum, að hana hafi orðið nánast að leggja niður.

Stefnandi kvað forráðamenn stefnda ætíð hafa vísað á bug staðhæfingum sínum um, að þeir notuðu teikningar sínar til þess að stæla og teikna eftir.

Framkvæmdastjóri stefnda kvað stefnda hafa hætt rekstri um áramótin 1975-1976 og selt Húsasmiðjunni verksmiðjuhús og land í einu lagi og teiknistofuna þar með.

Með bréfi, rituðu 6. september 1977, til yfirborgarfégetans í Reykjavík

krafðist stefnandi innsetningar hjá Húsasmiðjunni h.f. í teikningar, m.a. þær sem um er deilt í þessu máli. Þeirri beiðni var synjað með úrskurði, uppkveðnum 16. nóvember 1977.

Með bréfi, rituðu 9. maí 1978, til yfirborgardómara í Reykjavík beiddist stefnandi dómkvaðningar tveggja matsmanna, og segir svo um matsbeiðni og dómkvaðningu í matsgerð þeirra Ólafs Sigurðssonar arkitekts og Braga Þorsteinssonar verkfræðings, dags. 6. mars 1979, en þeir voru dómkvaddir til að framkvæma matið:

„Þriðjudaginn 20. júní 1978, dómkvaddi Guðmundur Jónsson, borgardómari, okkur undirritaða, Ólaf Sigurðsson, arkitekt, og Braga Þorsteinsson, verkfræðing, til þess að „framkvæma sérfræðilega könnun á því hvort hús þau sem í matsbeiðninni greinir séu sjálfstæðar hannanir eða stælingar og hvort notkun ákveðinna tiltekinnar byggingarstaðla séu því til fyrirstöðu að hannanir matsbeiðanda séu sjálfstæðar hannanir gagnvart meintum stælingum, sem á er minnst“, eins og segir í matsbeiðninni.

Til grundvallar matsgerðar þessarar hefur Jón E. Ragnarsson, hrl., fyrir hönd matsbeiðanda lagt m.a. fram teikningar af eftirtöldum húsum:

1. N-gata 12, Þorlákshöfn/Jaðarsbraut Búðardal.
2. Hús Einars Helgasonar, Stokkseyri/Mýrar 19, Patreksfirði.
3. Grenigrund 16, Akrahesi/Laufskálar 15, Hellu.
4. Barmahlíð 11, Sauðárkróki/Miðengi 9, Selfossi.
5. Hús Jóns Magnússonar, Drangnesi/Gilsbakki 2, Neskaupstað.
6. Leiguíbúðir A og B, Kópaskeri/Laufskálar 13, Hellu.

Því er haldið fram af matsbeiðanda að teikningar þær sem gerðar eru af Verk h.f., nefndar á eftir í upptalningu, séu stælingar á teikningum Kvarða, nefndar á undan í upptalningu.“

Niðurstöðum sínum lýsa matsmennirnir svo:

„Athuganir á umræddum teikningum leiddi eftirfarandi í ljós, tölusetning eins og hér að framán:

1. Stærðir nákvæmlega þær sömu.  
Lausn grunnmynda svo til eins.  
Gluggastærðir og gerðir svo og þök frábrugðin.
2. Stærðir þær sömu.  
Lausn grunnmynda eins.  
Gluggastærðir og gerðir svo og þök frábrugðin.
3. Stærðir svo til þær sömu.  
Lausn grunnmynda lík.  
Útlit nokkuð frábrugðið.
4. Stærðir svo til þær sömu.  
Lausn grunnmynda svo til eins.  
Útlit nokkuð frábrugðið.

5. Stærðir eru þær sömu.  
Lausn grunnmynda eins.  
Útlit nokkuð frábrugðið.
6. Stærðir nákvæmlega þær sömu.  
Lausn grunnmynda eins.  
Útlit nokkuð frábrugðið.

Almennt má segja að lausn grunnmynda á húsum 1-5 séu mjög venju-  
legar. Lausn grunnmynda á húsum 6 er óvenjulegri að gerð en þar virðist  
Kvarði aftur á móti hafa haft til fyrirmyndar teikningar af einingahúsi,  
sem Manfred Vilhjálmsson, arkitekt, gerði fyrir Verk h.f., dags. 15.04.70,  
eða um 4 árum áður en teikningar Kvarða eru gerðar, annaðhvort er teikn-  
ing Kvarða notuð sem fyrirmynd að teikningu Verks h.f., eða þá að teikn-  
ing Manfreds Vilhjálmssonar er notuð sem fyrirmynd bæði að teikningum  
Kvarða og Verks h.f.

Matsmenn treysta sér ekki til að meta hvort sömu eða lík vinnubrögð  
hafi verið notuð við hús 1-5.

Þrátt fyrir framansagt telja matsmenn að bersýnilegt sé að teikningar  
Kvarða eru fyrirmyndir að teikningum Verks h.f., af umræddum húsum.

Þegar matsbeiðandi talar um ákveðna tiltekna byggingarstaðla, virðist  
okkur að átt sé við staðlaða byggingarhluta og mátkerfi. Notkun á því telj-  
um við á engan hátt geta verið til fyrirstöðu sjálfstæði hönnunar.“

Af hálfu stefnanda var lögð fram svofelld yfirlýsing frá Sigurði Sigurssyni  
teiknara, en hans er að framan getið:

„Í tilefni af málarekstri Kvarða á hendur Verki h.f., þar sem hann fullyrðir  
að Verk h.f. hafi stolið hugverkum og höfundarrétti vil ég upplýsa að mitt  
hlutverk hjá Kvarða var einmitt að leysa bygginganefndarteikningar frá  
grunni. Þessar teikningar vann ég sjálfstætt í samráði við byggjendur og  
án afskipta eða leiðsagnar Þorgils Axelssonar. Tel ég mig ótvírætt vera  
höfund þessara teikninga, og höfundarrétt að þeim fráleitt geta verið eign  
Þorgils Axelssonar, þótt Kvarði hafi afnotarétt ásamt mér að þessum  
teikningum.

Ég tel engan mun á því, hvort ég starfa hjá Kvarða eða Verk h.f. og löggild-  
ingaraðili heiti Þorgils Axelsson eða Sveinn G. Sveinsson. Þó að ég hafi ekki  
rétt á að löggilda teikningar (lauk ekki námi), þá tel ég víst, að ég hefði ekki  
undirritað teikningar hjá Kvarða, þar sem Þorgils Axelsson var eigandi  
Kvarða og rak hana á eigin ábyrgð.

Í höfundarlögum er sagt, að höfundur sé sá sem áriti eigin hendi á teikn-  
ingar, *uns annað reynist*. Aðrir starfsmenn Kvarða á því tímabili geta borið  
vitni um að ég vann sjálfstætt að byggingarnefndarteikningum án afskipta  
Þorgils Axelssonar.

Starf mitt hjá Verk hf. var beint framhald af starfi mínu hjá Kvarða, og fæ

ég ekki séð, hvernig ég geti stolið hugverkum, sem ég átti sjálfur hugmynd að.“

Þessa yfirlýsingu sagði Sigurður fyrir dóminum vera rétta. Sigurður kvaðst hafa verið í full þrjú ár í Tækniskóla Íslands, en ekki lokið þaðan prófi. Á þessum tíma tók nám í Tækniskólanum yfirleitt 5 ár. Fram kom hjá Sigurði, að hann hefði unnið í byggingavinnu, áður en hann hóf störf hjá Kvarða, sem mun hafa verið á árinu 1971. Fyrstu störf sín hjá Kvarða kvað Sigurður hafa verið að stækka upp grunnmyndir, en vinnan hafi smám saman þróast upp í það, að hann hafi teiknað byggingarnefndarteikningar af húsum.

Sigurður sagði, að hann minntist þess ekki að hafa nokkru sinni fengið ákveðin fyrirmæli frá stefnanda, á meðan hann vann hjá honum, um það, hvernig ákveðnir hlutir skyldu leystir. Þeir hafi skipst á skoðunum um ýmsa hluti og stefnandi hafi gert vinnuteikningar í samræmi við byggingarnefndarteikningarnar og þá hafi þeir þurft að ræða ýmis atriði og þeir hafi haft eitt-hvert samráð, sem Sigurður vildi sem minnst gera úr.

Stefnandi hafi áritað byggingarnefndarteikningar, sem Sigurður kveðst hafa teiknað, og engar breytingar á þeim gert. Þeir stefnandi hafi aldrei rætt höfundarétt.

Sigurður kvaðst hafa byrjað störf á teiknistofu stefnda í október 1974. Þar hafi hann notað teikningar, sem hann hafi gert hjá Kvarða, á þeim forsendum, að hann ætti að þeim höfundarétt, eins og fram kemur í framangreindri yfirlýsingu hans. Sigurður skoðaði þær teikningar, sem matsmenn fjölluðu um í matsgerð sinni, en þær voru lagðar fram á 6 dómskjölum, sem eru tvö blöð hvert, þ.e. á fyrra blaðinu eru teikningar gerðar á Teiknistofunni Kvarða, en á síðara blaðinu teikningar gerðar á teiknistofu Verks h.f. Síðari teikningarnar telur stefnandi vera eftirmynd hinna fyrri. Sigurður staðfesti fyrir dóminum, að hann hefði notað teikningar Kvarða á fyrra blaðinu til fyrirmýnda teikninga á síðara blaðinu og þau frávik, sem um sé að ræða, séu ekki tilkomin vegna óska frá kaupendum, heldur vegna tæknilegra breytinga, sem orðið hafi á framleiðslu stefnda, svo sem á burðarvirkjum. Sigurður kvað hafa verið byggð um 20-30 hús samkvæmt teikningum, sem hann hafi gert hjá Kvarða, sem breytt hafi verið með þessum hætti.

Í málinu var lögð fram af hálfu stefnanda svofelld yfirlýsing frá manni að nafni Einar Matthíasson:

„Undirritaður sem starfaði sem tækniteiknari á teiknistofunni Kvarða (eigandi Þorgils Axelsson byggingafræðingur) á tímabilinu apríl-sept. 1972 og febrúar-júlí 1973, lýsi hér með yfir að Sigurður Sigurðsson, Bygðarholti 2, Mosf., sem einnig starfaði á Kvarða á sama tíma, vann einn og án afskipta eiganda Kvarða en í samráði við hina ýmsu húsbyggjendur við að leysa fjölda byggingarnefndarteikninga að öllu leyti frá frumhugmyndum til fullnaðar-

teikninga eða þar til eigandi Kvarða undirritaði þær þar eð hann var sá eini á teiknistofunni sem hafði löggildinu.“

Fyrir dóminum sagði Einar, að hann væri kunningi Sigurðar Sigurðssonar og hefði Sigurður beðið sig um að gefa yfirlýsingu þessa. Einar kvað stefnanda oft hafa þurft að vera mikið frá og afskipti hans af starfi Sigurður hafi verið mjög lítil, en taldi sig þó ekki geta fullyrt, að Sigurður hefði unnið algerlega án afskipta stefnanda, eins og í vottorðinu stæði, en ítrekaði, að Sigurður hefði unnið mjög sjálfstætt.

Framburði Einars fyrir dóminum var mótmælt af hálfu stefnanda sem rögum og óstaðfestum, og var þess þá óskað af hálfu stefnda, að Einar staðfesti framburð sinn fyrir dóminum með drengskaparheiti eða eiði, sem hann var reiðubúinn til að gera. Í framhaldi af því kvað dómari upp úrskurð þar sem hann synjaði vitninu um heimild til að staðfesta framburð sinn með þessum hætti. Úrskurðurinn var kveðinn upp 31. mars s.l. Af hálfu stefnda var úrskurðurinn kærður til Hæstaréttar, og var honum þar hnekkkt með dómi, uppkveðnum 4. júní s.l.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnanda því yfir, að hann tæki framburð vitnisins Einars gildan sem staðfestur væri, þannig að staðfesting fór ekki fram.

Þá lagði stefnandi fram óundirritaða yfirlýsingu Önnu Pálu Pálsdóttur, dags. 6. janúar 1978 á Akureyri:

„Undirrituð starfaði hjá Kvarða 1973-1974 sem tækniteiknari til undirbúnings náms í innanhússarkitektúr. Ég vann öll venjuleg störf sem teiknari í samvinnu við Sigurð Sigurðsson og Þorgils Axelsson. Á þessu tímabili gerði Sigurður Sigurðsson allar nýjar byggingarnefndarteikningar að einingarhúsum sjálfstætt og án íhlutunar Þorgils Axelssonar.“

Stefnandi mótmælti þessari yfirlýsingu sem vísvitandi rangri og vilhallri og kvaðst benda á, að hún væri óstaðfest.

Stefnandi kvað Sigurð Sigurðsson hafa verið ráðinn á Teiknistofuna Kvarða algerlega kunnáttulausan og hafi hann unnið kauplaust fyrstu tvo mánuðina. Að því búnu hafi hann verið ráðinn sem teiknari og fengið laun greidd samkvæmt því. Smám saman hafi vinna hans þróast upp í það, að hann hafi getað teiknað útlitsteikningar af húsum, sem áður hafi verið teiknuð, þ.e.a.s. að hann hafi breytt teikningum lítilliga. Sigurður hefði ekkert starf að sjálfstæðum verkefnum, en alfarið starfað undir sinni stjórn. Allar teikningar, sem hann hafi gert, hafi verið gerðar að sínum fyrirmælum.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að hann væri höfundur þeirra teikninga, sem teiknaðar voru á Teiknistofunni Kvarða, einkafyrirtækis hans, en þær séu áritaðar af honum. Engu máli skipti, þótt Sigurður Sigurðsson teiknari hafi unnið að gerð þeirra. Það skapi honum ekki höfundarétt, en

hann hafi og enga löggildingu til þess að hanna mannvirki. Tækniteiknarar öðlist ekki höfundarétt að teikningum, sem þeir teikni, heldur sá, sem þeir vinni hjá.

Fram komi í matsgerð dómkvaddra matsmanna, að teikningar þær, sem um sé deilt, séu stælingar af teikningum stefnanda. Því hafi verið stældar teikningar, sem stefnandi sé höfundur að, og eigi hann því rétt á að fá greidda þóknun fyrir notkun þeirra, sem miðast eigi við þann taxa, sem í gildi hafi verið, þegar notkunin fór fram, en á honum séu stefnukröfurnar byggðar. Ekki skipti máli, hvaða gjald stefnandi hafi tekið af viðskiptavinum sínum fyrir teikningarnar. Af því sé stefnandi ekki bundinn.

Af hálfu stefnanda var krafa hans um greiðslu vaxta og kostnaðar eigi reifuð í málflutningi. Um hana segir svo í stefnu, eftir að lýst hefur verið kröfu stefnanda um greiðslu frá stefnda fyrir notkun teikninganna:

„Matskostnaður var kr. 196.000,00 til matsmanna og til lögmanns kr. 74.000,00 í júní 1979. Er hér um að ræða mjög vægt áætlaðan taxaútreikning. Grunntalan er kr. 1.086.678,00, 13% vextir frá 1.1.1976 til 20.11.1977 eru kr. 125.400,00, 16% vextir frá 21.11.1977 til 20.2.1978 eru kr. 43.348,00 og 19% vextir frá 21.2.1978 til 31.12.1978 eru kr. 177.055,00. Vextir áfallnir eru höfuðstólsfærðir 1.1.1979, en þá er höfuðstóllinn kr. 1.432.481,00. 19% árs-vextir af kr. 1.432.481,00 frá 1.1.1979 til 31.5.1979 eru kr. 113.343,00. 22% vextir frá 1.6.1979 til 31.8.1979 eru kr. 79.434,00, 27% vextir frá 1.9.1979 til 31.12.1979 eru kr. 129.276,00. Þessir áföllnu vextir eru að nýju höfuðstólsfærðir og er þá kominn nýr höfuðstóll pr. 1.1.1980 kr. 1.754.534,00. 31% vextir frá 1.1.1980 til 1.4.1980 eru 135.604,00. Þetta er samanlagt kr. 1.890.138,00 og þannig fundin stefnukrafa.“

Af hálfu stefnda var því haldið fram við munnlegan flutning málsins, að máli þessu bæri að vísa frá ex officio á grundvelli ákvæða 46. gr. laga nr. 85/1936, þar sem líta bæri svo á, að Verk h.f., Sigurður Sigurðsson teiknari, og Sveinn G. Sveinsson verkfræðingur, sem áritaði þær teikningar, sem Sigurður teiknaði á teiknistofu Verks hf., beri saman óskipta skyldu gagnvart stefnanda, ef einhver sé, en aðeins einum þessar aðilja hafi verið stefnt.

Þá var sú krafa gerð af hálfu stefnda við munnlegan flutning málsins að málinu yrði vísað frá dómi samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936, eins og henni var breytt með lögum nr. 28/1981. Studdi hann þessa kröfu sína sömu rökum og þá skoðun, að vísa ætti málinu frá ex officio.

Þessum kröfum mótmælti stefnandi sem of seint fram komnum.

Þá var við munnlegan flutning málsins færð fram sú málsástæða að stefnda bæri að sýkna á grundvelli aðildarskorts skv. 45. gr. laga nr. 85/1936, þar sem stefndi Verk h.f., væri einungis persóna að lögum og hefði engan stuld getað framið og ætti því stefnandi engar kröfur á hendur fyrir-tækinu. Hafi einhver stuldur verið framinn, þá hljóti það að hafa verið

Sigurður Sigurðsson teiknari eða Sveinn G. Sveinsson verkfræðingur, sem hann framdi og væri því stefnanda rétt að beina kröfum sínum gegn þeim. Þessari málsástæðu mótmælti stefnandi sem of seint fram kominni.

Aðalmálsástæðu sína fyrir sýknukröfu kvað stefndi þó vera þá, að Sigurður Sigurðsson ætti höfundarétt að þeim teikningum, sem hann gerði á Teiknistofunni Kvarða, enda hafi stefnanda ekki tekist að sanna höfundarétt sinn þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Sigurði hafi því verið heimilt að nýta teikningarnar eins og honum sjálfum sýndist. Þess beri að gæta, að hægt sé að eiga höfundarétt að teikningum, enda þótt menn hafi ekki lög-gildingu sem hönnuður. Sannað sé með framburði vitna, að Sigurður hafi starfað sjálfstætt að teikningunum, enda séu þær allar merktar með fangamarki hans og það eina, sem stefnandi hafi gert, hafi verið að leggja blessun sína yfir þær með áritun sinni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 73/1972 hafi áritun stefnanda enga þýðingu, því að leitt hafi verið í ljós, að Sigurður Sigurðsson sé höfundur teikninganna. Þá njóti aðeins teikningar af útliti húsa verndar höfundalaga, ekki skipulag þeirra að innan og teikningum sé heimilt að breyta samkvæmt ákv. 13. gr. laga nr. 72/1973.

Vaxtakröfu stefnanda sé alfarið mótmælt sem rangri. Því sé ekki mótmælt út af fyrir sig, að kröfur stefnanda séu ekki í samræmi við þá gjaldskrá, sem í gildi var á árinu 1975 um teikningar eins og þær, sem um er deilt í málinu. Það þýði þó ekki, verði litið svo á, að stefnandi eigi rétt á greiðslum frá stefnda, að miða eigi við hana. Réttara sé að miða við það gjald, sem stefndi hafi tekið af viðskiptavinum sínum á þessum tíma, sem hafi verði mun lægra, eða á bilinu frá gkr. 70.000 til gkr. 95.000.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Kröfur stefnda um frávísun þessa máls, sem hann gerði fyrst við munnlegan flutning þess, eru of seint fram komnar skv. 113. gr., sbr. 106. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þeirra þykir þó rétt að taka fram, að samkvæmt 1. og 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936 hafði dómari tekið afstöðu til þess, hvort þeir gallar væru á málatilbúnaði stefnanda, að frávísun varðaði ex officio, og eins það að 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936 nær til svokallaðrar samlagsaðildar, sem felur í sér rétt, en ekki skyldu, til að stefna fleiri en einum í sama máli að ákveðnum skilyrðum fullnægðum, og er því kröfugerð stefnda samkvæmt þessari málsgrein á misskilningi byggð.

Telja verður þá málsástæðu stefnda, sem fyrst kom fram við munnlegan flutning málsins, að hann beri að sýkna vegna aðildarskorts samkvæmt 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936, of seint fram komna samkvæmt 113., sbr. 106. gr. sömu laga.

Óumdeilt er, að stefndi, Verk h.f., átti og rak um skeið teiknistofu, og unnu þar tveir menn sem launþegar, þeir Sigurður Sigurðsson teiknari og

Sveinn G. Sveinsson verkfræðingur. Á þessum starfsmönnum sínum bar stefndi húsbóndaábyrgð.

Þá er og óumdeilt, að stefnandi átti einn og rak um skeið Teiknistofuna Kvarða, en þar var framannefndur Sigurður starfsmaður frá árinu 1971, sennilega seinni hluta þess, fram til hausts 1974, er hann réð sig á teiknistofu stefnda.

Stefndi heldur því fram, að Sigurður eigi höfundarétt að teikningum, sem hann teiknaði á teiknistofu stefnanda.

Fallst má á það, að teikningar eins og þær, sem um er deilt, njóti verndar höfundalaga nr. 73/1972 skv. 2. mgr. 1. gr. þeirra. Sigurður Sigurðsson var ráðinn sem teiknari á teiknistofu stefnanda og starfaði þar í u.þ.b. þrjú ár. Hann var þá reynslulítill eða reynslulaus, en hafði verið þrjá vetur í Tækniskóla Íslands. Hann hafði ekki aflað sér starfsréttinda teiknara á þessum tíma. Hann hafði ekki heimild til þess að löggilda teikningar. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við Sigurð og ekki munu hann og stefnandi hafa rætt höfundarétt að teikningum.

Stefnanda og Sigurði ber ekki saman um, að hve miklu leyti Sigurður vann sjálfstætt og að hve miklu leyti undir handleiðslu stefnanda. Ákveðnar líkur benda til þess, að Sigurður hafi starfað allsjálfstætt, þegar frá leið, en tæplega í upphafi starfstímabilsins. Það þykir þó ekki breyta því, eins og háttað var menntun, ráðningu og starfi Sigurðar, að telja verður stefnanda eiganda höfundaréttar að hinum umdeildu teikningum.

Sigurður skýrði frá því fyrir dóminum, að hann hefði notað þær teikningar, sem hann kveðst hafa teiknað á Teiknistofunni Kvarða og um er deilt í máli þessu, en gert á þeim þær breytingar, sem tæknibreytingar á framleiðslu stefnda kröfðust. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1972 var honum þetta óheimilt. Telja verður, að stefnda sem vinnuveitanda Sigurðar sé vegna þessa skylt að greiða stefnanda skaðabætur samkvæmt 3. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 5.000,00. Af þeirri fjárhæð greiði stefndi vexti sem hér segir: Frá 1. janúar 1976 13% ársvexti til 21. nóvember 1977, 16% ársvexti frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. maí 1980, 43,5% ársvexti frá þeim tíma til 1. júní 1980, 46% ársvexti frá þeim tíma til 1. mars 1981, 42% ársvexti frá þeim tíma til 1. júní s.á., 39% ársvextir frá þeim tíma til dómsuppsögudags og frá þeim degi hæstu lögleyfðu innlánsvexti, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Málkostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm. Dómarinn fékk málið til meðferðar 6. nóvember 1981.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Verk h.f., greiði stefnanda, Þorgils Axelssyni, kr. 5.000,00 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1980, 43,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 10.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. apríl 1985.

Nr. 117/1984. **Dagblaðið h/f**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

**Péttri Péturssyni**

(Arnmundur Backman hrl.).

Umboðsmennska. Skaðabætur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. maí 1984. Dómkröfur hans eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann